



Fréttabréf Árskógar skóla

Leik- og grunnskóli, Árskógi, Dalvíkurbyggð

58. tölublað 6. árgangur september 2017 Ábyrgðarmaður: Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson

námsÁhugi-þRautseigja-Samvinna-leiKkur-útiskÓli-Gleði-Umhyggja-viRðing

2017-2018

Skóladaatal

[hér.](#)

Allt á hreinu!

Lykilspurningar

Hvað vilt þú?

Hvernig get
ég hjálpað
þér?



Hvaða val hefur þú?

Hverju vilt
þú breyta?



Hvernig viltu að þér
líði?



Að hverju
stefnir þú?

Hvað vilt þú að gerist
næst?

Hvað er
mikilvægt
fyrir þig?



Ef þú gæti breytt ein-
hverju, hverju myndir
þú þá breyta?



Kæra skólasamfélag.

Skólastarf veturinn 2017-2018 fer vel af stað, nemendur mættu glaðir og endurnærðir eftir sumarfrí og starfsfólk tilbúið í faglegan, jákvæðan og uppbyggjandi vetur. Skólaár nr. 6 er því komið af stað með tæplega 40 nemendur og 11 starfsmenn innanborðs. Kæru foreldrar og forráðamenn, verið velkomin í skólann þegar ykkur hentar, tölum saman og vinnum saman með hag nemenda að leiðarljósi. Sjáumst í skólanum.

MUNA foreldrafund í skólanum miðvikudag 6. september kl. 16:30

Kveðja frá skólustjórnendum, Hjördís Jóna & Gunnþór Eyfjörð G.

Eineltisteymi-aðgerðaráætlun

Nemendaverndarráð gegnir hlutverki eineltisteymis skólans og í því sitja skólustjórnendur, skólahjúkrunarfræðingur og fulltrúar frá fræðslu- og félagsmálasviði Dalvíkurbyggðar auk viðkomandi umsjónarkennara/hópstjóra þegar fundað er um eineltismál.

Hlutverk teymisins er að sjá til þess í samvinnu við kennara að í skólanum sé virk fræðsla og forvarnir gegn einelti. Að unnin sé aðgerðaráætlun eineltisteymis fyrir hvern vetur þar sem kemur fram hvernig staðið er að fræðslu og nemendum gert ljóst hvaða leiðir eru færar til að vinna gegn einelti og hvernig má láta vita ef grunur er um einelti.

Fái eineltisteymi beiðni um aðstoð vegna eineltismála skal teymið vinna samkvæmt eineltisáætlun skólans.

Veturinn 2017-2018 fundar teymið sex sinnum, á miðvikudögum kl. 12:30:

13. september, 25. október, 29. nóvember, 24. janúar, 21. mars, 9. maí-
teymið fundar oftast ef þörf krefur.

Á heimasíðu skólans er að finna [aðgerðaráætlun eineltisteymis](#) sem foreldrar eru hvattir til að kynna sér.

Einnig er þar [eineltisáætlun skólans](#).

Umfram allt, látið vita ef grunur vaknar um einelti!

Ábyrgð og skyldur á grunnskólastigi

Við upphaf nýs skólaárs er hollt fyrir alla og nauðsynlegt að kynna sér ábyrgð og skyldur. [Hér má lesa reglugerð](#) sem fjallar um hlutverk nemenda, foreldra og starfsfólks á grunnskólastigi. Þar segir m.a.

Foreldrar bera ábyrgð á uppeldi barna sinna. Þannig bera foreldrar einnig ásamt börnum sínum ábyrgð á hegðun þeirra og framkomu gagnvart samnemendum og starfsfólki skóla og eiga að bregðast við afleiðingum hegðunar barna sinna í skóla. Foreldrar gæta hagsmuna barna sinna og ber að stuðla að því að þau stundi nám sitt. **Starfsfólk** skóla skal ávallt bera velferð nemenda fyrir brjósti og leggja sig fram um að tryggja nemendum öryggi, vellíðan og vinnufrið til að þeir geti notið skólagöngu sinnar.



Skólaganga barns er samvinnuverkefni heimilis og skóla

Foreldrafundur 6. september

Miðvikudaginn 6. september er foreldrafundur í skólanum kl. 16:30.

Á fundinum verður farið yfir starf vetrarins á leik- og grunnskólastigi, skólanámskrá, stundaskrár og dagskipulag, lestur og læsi, samskipti heimilis og skóla, ábyrgð og skyldur skóla, nemenda og foreldra, foreldrafélag, skólaráð, skráningu í ávaxta- og eða mjólkuráskrift og mataráskrift á grunnskólastigi, leikskólagjöld, frístund og ýmislegt fleira sem þarf að hafa í huga við upphaf skólaárs.



Allir að reyna að mæta, sjáumst í skólanum!

Hagnýtar upplýsingar

Árskógar skóli er opinn alla virka daga frá 8-16.

Aðalnúmer 460-4970, Kötlukot 460-4973,
skólastjóri 460-4971, eldhús 460-4979

[Skóladagatal 2017-2018](#) svo allt sé á hreinu!

Heimasíða skólans: <http://www.dalvikurbyggd.is/arskogarskoli/>

Við erum á facebook: <https://www.facebook.com/arskogarskoli/>

Netfang: arskogarskoli@dalvikurbyggd.is



náms **Á**hugi-þ **R**autseigja- **S**amvinna-lei **K**ur-útisk **Ó**li- **G**leði- **U**mhyggja-vi **R**öðing

Viðburðadagatal september 2017

Mánudagur Þriðjudagur Miðvikudagur Fimmtudagur Föstudagur **Laugardagur** **Sunnudagur**

| | | | | 1 | 2 | 3 |
|---|---|----|---|--|---|----|
|  | | | | | | |
| 4 | 5 Rýmingaræfing með slökkviliði | 6 | 7 Árskógar skóli 5 ára  Linus 6 ára | 8 Dagur læsis  | 9 | 10 |
| 11 | 12 Útivistardagur  | 13 | 14 | 15 Skipulagsdagur LOKAÐ  | 16 Dagur íslenskrar náttúru | 17 |
| 18 | 19 | 20 | 21 | 22 Slæmur hárdagur  | 23 | 24 |
| 25 | 26 | 27 | 28 Samræmd próf 4.b íslenska | 29 Samræmd próf 4.b stærðfræði | 30 | |